

# Fundargerð

Ársfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn föstudaginn 12. maí 2023 kl.10:30 í Heimakletti fundarsal í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2,Vm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með rúmlega tveggja vikna fyrirvara og með ítrekun í tölvupósti til stofnaðila og gesta. Fundurinn var einnig í fjarfundarformi. Mættir voru fulltrúar frá 9 stofnaðilum og frá 3 á fjarfundi , auk starfsfólks ÞSV og gesta. Nokkrar sameiningar í hópi stofnaðila hafa átt sér stað á liðnum árum , en stofnaðilar ÞSV voru 37 í jan. 2008.

Stjórnarformaður, Arnar Sigurmundsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Ólafur Elísson yrði kjörinn fundarstjóri og að Agnes Einarsdóttir tæki að sér fundarritun og var það samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við fundinum, þakkaði traustið fyrir sína hönd og fundarritara, og fór yfir dagskrá aðalfundar.

Fundarstjóri lýsti aðalfundinn löglegan og að boðað hafi verið til hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara eins og samþykktir ÞSV kveða á um. Því næst var gengið til dagskrár.

## 1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi ÞSV

### **Arnar Sigurmundsson, form. flutti skýrslu stjórnar ÞSV um starfsemi félagsins á starfsárinu.**

Fram kom í máli hans að afkoma ÞSV væri betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2022. Ein breyting varð á starfsmannahaldi á síðasta ári, Evgenía K. Mikaelsdóttir lét af störfum haustið 2022 og Erlendur Ágúst Stefánsson hóf störf í febrúar 2023. Hann er ráðinn sem verkefnastjóri, 50% hjá ÞSV og 50% hjá Matís. Fyrirséð er að framlög SASS lækki á árinu 2023 en mögulega koma viðbótarverkefni til með að hækka þá upphæð. Í febrúar 2022 var tekið í notkun 200 ferm. sérrými á 3. hæð, gerðu ÞSV og Vestm.bær 3ja ára húsaleigusamning um það rými. Við það fjölgaði leigutökum og eru þeir nú 15 talsins.

Framundan eru viðræður við Háskóla- og nýsköpunarráðuneytið um endurnýjun á gildandi samningum við ÞSV og FabLab. Í nóv. 2022 var uppgjóri við Vestm.bæ vegna framkvæmda á 3ju hæð lokið og var allt uppgreitt fyrir árslok. Í des. 2022 var uppgjóri milli ÞSV og SASS við verkefnið Úthafseldi við Vestmannaeyjar lokið. Haldinn var kynningarfundur á niðurstöðum þess í sept. 2022. Þær sýndu að úthafseldi er framkvæmanlegt en útheimtir gríðarlegar fjárfestingar. ÞSV var stofnað árið 2008 og varð 15 ára í ársbyrjun 2023.

Að loknum þessu ársfundi mun ný stjórn skipta með sér verkum og mun Arnar ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Hann þakkaði stjórnarmönnum og starfsfólki ÞSV fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Að lokum sagði Arnar það hafa í senn verið krefjandi og spennandi að leiða stjórn ÞSV undanfarin ár á tímum mikilla breytinga á öllum sviðum. **Hægt er að finna skýrslu stjórnar og ræðu formanns á setur.is.**

### **Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri fór yfir verkefni og starfsemi ÞSV 2022.**

Verkefni: Stærsta verkefnið varðar rannsóknir og veiðar á rauðátu í samstarfi við Vinnslustöðina, Ísfélag Vestm. og fleiri aðila. Von er á veiðarfærum frá Noregi á næstu dögum, en ÞSV hefur heimsótt og verið í góðu samstarfi við Norðmenn varðandi þessar rannsóknir. Þetta verkefni gæti skapað verðmæt störf og orðið mikilvægt fyrir Vestmannaeyjar ef vel tekst til. Stofnað hefur verið félag um verkefnið, Rauðátan ehf., sem taka á við keflinu í sumar.

Annað verkefni sem vert er að nefna er m.a. samvinnuverkefni ÞSV, Vestm.bæjar og HS veitna um að endurnýta varma í sundlaug Vestm. Ýmsum öðrum verkefnum hefur verið unnið að ss. Ræktun á söl, þekkingarferðamennsku, Betri nýting á matvælum, Sjávarlíftækniskóla unga fólksins og svo tekur ÞSV þátt í starfamesu ásamt SASS, Visku og FÍV.

FabLab tekur þátt í spennandi verkefnum í samstarfi við stóra háskóla í evrópu auk annarra verkefna.

Bátar: Friðrik Jesson var notaður í rauðáturannsóknir 2022 og svo mun einnig verða sumarið 2023. Einnig hefur hann verið leigður til HÍ og Vegagerðarinnar vegna rannsóknarverkefna. Nýr bátur var keyptur 2022, Vonin VE. Vonin og Gollu eru leigð út í ýmis verkefni ss. bergmálsrannsóknir HÍ ofl.

SASS: Ýmis verkefni hafa verið unnin hjá ÞSV fyrir SASS. Helst ber að nefna Uppbyggingarsjóð, utanumhald umsókna og eftirfylgni þeirra, handleiðslu við frumkvöðla, umsjón með gagnagrunni starfandi fyrirtækja á suðurlandi og ýmis önnur verkefni tengd menningu og nýsköpun. Að endingu þakkaði Hörður stjórn og framkvæmdaráði fyrir gott samstarf og þá ekki síst starfsfólki ÞSV og samstarfsfólki í öðrum fyrirtækjum og stofnunum að Ægisgötu 2.

## 2. Ársreikningur ÞSV 2022

Hafsteinn Gunnarsson endurskoðandi hjá Deloitte fór yfir ársreikning ÞSV 2022. Rekstrartekjur námu 144 millj. á móti 142,4 millj kr. 2021. Fjármagnstekjur 1,7 millj. (0,5 mkr. 2021) **Heildartekjur 144,1 millj. kr. Rekstrargjöld voru 128,6, millj. kr. og afskriftir 4 millj. kr. Heildargjöld 131,2 millj.kr. Niðurstaða 2022 hagnaður 12,9 millj. kr. (9,7 millj. kr. 2021) Niðurstaða efnahagsreikn. 31.des. 2022 var 105.2 millj.kr.þar afeigið fé 82.5 millj.** Að lokinni yfirferð á ársreikningi hjá Hafsteini Gunnarssyni endurskoðanda var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning ÞSV 2022. Í ársreikningi er gert ráð fyrir að hagnaður ársins verði fluttur til næsta árs. Að því loknu var ársreikningur ÞSV 2022 boðinn undir atkvæði fundarins og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

## 3. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Engin breyting er á stjórn ÞSV frá ársfundi 2022. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram. Tillaga að stjórn ÞSV 2023-2024 borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

***Í stjórn voru endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum,***

*Arnar Sigurmundsson, frkvst.*

*Ívar Atlason,svæðisstjóri HS- veitna*

*Brynhildur Davíðsdóttir,prófessor á umhverfis- og auðlindasviði HÍ*

*Páll Guðmundsson frkvst.*

*Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar*

*Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Rannsóknasetra Háskóla Íslands*

*Tryggvi Hjaltason, sérfræðingur hjá CCP og form. Hugverkaráðs*

**Í varastjórn voru endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum,**

*Örvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vm. Hf.*

*Guðný Óskarsdóttir, varaformaður Drifanda Stéttafélags.*

#### **Endurskoðendur:**

Deloitte var endurkjörið sem endurskoðandi ÞSV.

#### **4. Þóknun til stjórnar og endurskoðanda**

Aðalmenn þóknun 275 þús. kr. á mann fyrir liðið starfsár. Form. stjórnar fær tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag. Varamenn 20 þús. kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund.

#### **Skýringar með tillögunni.**

Haldnir voru fimm stjórnarfundir frá ársfundi ÞSV 4. maí 2022. Á milli stjórnarfunda eru regluleg samskipti í gangi er varða starfsemi ÞSV. Lögð er til 10% hækkun frá 2022.

Ekki er greitt fyrir setu í framkvæmdaráði ÞSV sem í eiga sæti form, varaform. og frkvstj. ÞSV . Ráðið hélt 8 bókaða fundi frá ársfundi ÞSV 4. maí 2022.

Tillaga um þóknun til stjórnar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **Þóknun til Deloitte endurskoðanda ÞSV verði skv. reikningi.**

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **5. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV**

Engar tillögur um breytingar á samþykktum ÞSV lágu fyrir fundinum. Breytingar voru síðast gerðar á samþykktum ÞSV á ársfundi 29. maí 2020.

#### **6. Rekstraráætlun ÞSV 2023**

Arnar Sigurmundsson form. stjórnar gerði grein fyrir lykiltölum í rekstraráætlun ÞSV 2023, tekjum og útgjöldum sem framkvæmdaráð, og síðar stjórn, samþykkti á fundi sínum 3. febrúar sl. Rekstrartekjur eru áætlaðar 137,3 millj.kr og útgjöld 136,1 milj. kr. auk afskrifta ársins 4,3 millj. kr. Í tekjum og útgjöldum eru reiknaður liður, framlag Vestmannaeyjabæjar v/ húsnæðis FabLab 6,0 millj. kr. jafnt tekju- og gjaldamegin. Þá kom fram að reiknað er með rúmlega 3 millj. kr. halla af rekstri Fab-Lab Vm.-Island á árinu 2023. Gerður var 3ja ára samningur og varð góður afgangur 2021, nokkur halli 2022 og meiri 2023. Það stafaði að hluta af því að 3ja ára samningur við ráðuneytin var óverðbættur. Arnar nefndi að framlag SASS hafi verið lækkað milli ára en möguleiki er fá úthlutað aukaverkefnum til að vinna upp mismuninn. Rekstraráætlun ÞSV 2023 var til kynningar á fundinum.

## 7. Erindi flutt á ársfundi ÞSV

Að loknum aðalfundarstörfum tóku við tvö áhugaverð erindi, en þau verður að finna á heimasíðu ÞSV- setur.is ásamt skýrslu stjórnar ÞSV ársreikningi ÞSV 2022 og fundargerð ársfundar ÞSV.

### a) Nýsköpun í sjávarútvegi -Lífefnavinnsla í Vestmannaeyjum

**Alex Freyr Hilmarsson, framleiðislustjóri hjá Löngu** kynnti fyrirtækið og starfsemi þess. Hingað til hefur starfsemin snúist um þurrkun sjávarafurða. Sölumarkaður þeirra afurða hefur verið óstöðugur og hefur félagið leitað leiða til að styrkja reksturinn og nýta húsnæði, Kleifar 5, sem það fjárfesti í. Fengu þeir styrk úr Matvælasjóði árið 2021 og hófu rannsóknir á því sem kallað er „Skilgreining á vatnsrofnum prótínum“. Verkefnið fór fljótlega að snúast um kollagen, rannsóknir og framleiðslu á því. Langa fjárfesti í framleiðslulínu og er uppsetningu hennar að ljúka. Áætlað er að prufuvinnsla geti hafist í júní nk. Verksmiðjan getur tekið inn um 150 tonn af hráefni (fiskroði) á mánuði og framleitt um 15 tonn af afurðum á mánuði. Alex segir góða sölumöguleika á kollageni og mikla eftirspurn. **Sjá myndræna framsetningu á setur.is**

### b) Möguleikar og hlutverk ÞSV í framtíð Vestmannaeyja

**Tryggvi Hjaltason, sérfræðingur hjá CCP og formaður hugverkaráðs ÞSV** byrjaði á því að þakka Alex fyrir gott erindi. Hann ræddi um hvað Ísland hefði einhæft auðlindahagkerfi og þar væri efnahagslegt óöryggi en nefndi jafnframt að hér væru mikil sóknarfæri sem felast m.a. í tæknivæðingu, menningu/sköpun og tengslaneti. Sóknarfærum fylgja líka áskoranir s.s. aðgangur að mörkuðum, vöntun á sérfræðipækkingu, vaxtafjármagni ofl. Mikil endurvakning hefur átt sér stað hér á landi og gríðarlega góð tækifæri til að sækja styrki í ýmsa sjóði. Ríkið setur 27 milljarða á þessu ári í stuðningskerfi rannsóknar og þróunar. Hvað varðar ÞSV þá eru sóknafærin þrjúþætt: 1. Finna tækifærin, tengja þátttakendur og markaðssetja. 2. Vera miðpunktur þekkingar og miðlunar. 3. Stýra sókn í samstarfi við atvinnulíf og Vestm.bæ til að sækja frumkvöðla og þekkingu sem þarf til verðmætauppbyggingar. Þekkingarsetur Vestmannaeyja á að vera miðpunktur og „network“ uppbyggingar á staðnum.

Á eftir erindunum var fyrirspurnum svarað.

Í fundarlok tók Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar til máls og þakkaði fundarmönnum fjær og nær fyrir góðan fund, frummælendum fyrir áhugaverð erindi og fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn.

Fleira ekki bókað- Fundi slitið 12:05.

Ólafur Elísson, fundarstjóri.

Agnes Einarsdóttir, fundarritari.

